

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2009  
Tilvísun: UST20090600031/ksj

### Tilkynning um framkvæmd í olúbirgðastöðinni á Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 5. júní sl. þar sem í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum er óskað umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum stækkun olúbirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. á Litla Sandi, Hvalfjarðarsveit skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka ofangreindra laga. Tilkynningu um framkvæmdina fylgir stutt lýsing á stækkuninni og öryggisskýrsla fyrir olúbirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. sem inniheldur kafla sem á sérstaklega við olúbirgðastöð Olíudreifingar á Litla Sandi í Hvalfirði eins og stöðin er í dag.

#### Framkvæmd

Olúbirgðastöð Olíudreifingar að Litla Sandi í Hvalfirði hefur í dag geymslurými fyrir 60.000 m<sup>3</sup> af bensíni. Olíudreifing ehf. hyggst flytja 15.013 m<sup>3</sup> geymi frá Seyðisfirði og koma fyrir í olúbirgðastöð félagsins á Litla Sandi og byggja 2 nýja geyma sem eru 8.200 m<sup>3</sup> hvor geymir og auka þannig geymslurými fyrir jarðefnaeldsneyti svo geymslurýmið að Litla-Sandi verður alls 91.400 m<sup>3</sup>.

#### Lekavörn eða þró

Fram kemur í erindi Olíudreifingar að ætlunin sé að reisa aðflutta geyminn og tvo nýja geyma á þróum sem eru til staðar. Síðan segir: „*Hækka þyrfti þróargarða með efni sem tekið yrði innan þróar, til að uppfylla kröfur um þróarstærðir skv. reglugerð nr. 35/1997 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, og reglugerð nr. 188/1990 um eldfima vökva, geymar og geymasvæði sem rúma 10.000 forðaeiningar og þar yfir.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hvaða efni eru í þrónum, hver lekt efnisins er sem er til staðar og efnisþykkt þess og þar með rök fyrir því að nægjanlegt efni sé innan þróanna til hækkunar þróargarða. Stofnunin bendir á að samkvæmt 47. grein reglugerðar nr. 35/1998 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, skal lágmarksþykkt jarðvegs til þéttingar í botni þróar vera 15 sm. og æskilegt er að hlífðarlag sé sett á þéttilagið.

## Áhættumat

Í tilkynningu Olíudreifingar kemur fram að: „*Framkvæmdin hefur óveruleg áhrif á hættumat samkvæmt reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna nr. 170/2007*“ . Umhverfisstofnun bendir á að enginn rökstuðningur er um framangreinda fullyrðingu og kallar Umhverfisstofnun eftir rökstuðningi framkvæðaraðila.

## Öryggisskýrsla

Ofangreindu erindi fylgir öryggisskýrsla, sem fjallar um núverandi starfsemi.

Öryggisskýrslan er því umfjöllun um svæðið með 9 geymum í þremur aðskildum lekaþróum, A, B og C. Aðstæður sem verða þegar breytingar sem tilkynningaskyldan byggir á eru aftur á móti 12 geymar, þeir 9 geymar sem nú eru á svæðinu ásamt 3 nýjum geymum. Ekki eru upplýsingar um hvort hinir nýju geymar verða í aðskildum þróum eða innan þessara þriggja þróa sem nú eru í notkun.

## Tilkynna – bjarga – slökkva

Í kafla öryggisskýrslu sem nefnist „Tilkynna – bjarga – slökkva“, er fjallað um nauðsynlegar fjarlægðir sem þurfa að vera milli olíubirgðastöðvar og heimila, iðnaðar, barnaskóla, elliheimila o.s.frv. Fram kemur að fjarlægðir frá birgðatönkum í Hvalfirði eru nægar við núverandi ástand en ekkert kemur fram hvernig verður með fjarlægðir eftir að þrem nýjum tönkum hefur verið bætt við, sérstaklega þyrfti fjarlægð 15.013 m<sup>3</sup> geymis að koma fram þar sem staðsetning hans virðist nær öðrum mannvirkjum á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að texti sem varðar fjarlægðir frá birgðatönkum í Örfirisey er ill skiljanlegur.


## Niðurstaða

Á Litla-Sandi við Hvalfjörð er olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. með geymslurými alls 60.000 m<sup>3</sup>. Áætlað er að bæta við 31.413 m<sup>3</sup> geymslurými. Fram kemur í erindi Olíudreifingar ehf. að þeir þrjú geymar sem settir verða á svæðið verði staðsettir á þróum sem fyrir eru frá þeim tíma er geymslurými svæðisins var yfir 100.000 m<sup>3</sup>. Að mati Umhverfisstofnunar ættu að vera meiri og skýrari upplýsingar um uppbyggingu og lekt þróa en fram koma í erindinu. Einnig er uppdráttur er sýnir væntanlega staðsetningu nýrra geyma óskýr og ekki eru sýndar fjarlægðir frá geymum til annarra mannvirkja, sem samt eru taldar mikilvægar upplýsingar í öryggisskýrslu er fylgir erindinu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf einnig að rökstyðja þá fullyrðingu framkvæmdaáðila að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á áhættumat. Það er mat Umhverfisstofnunar að ekki hafi komið fram nægar upplýsingar til þess að stofnunin geti metið hugsanleg umhverfisáhrif stækkunar geymslustöðvar Olíudreifingar ehf. úr 60.000 m<sup>3</sup> í 91.413 m<sup>3</sup> geti orðið. Umhverfisstofnun fer því fram á auknar upplýsingar um framkvæmdina.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri